

107  
18. sept.

færslukostnaði, sem er fyrir Presthólahrepp 50% og fyrir Raufarhafnarhrepp 50%.

Framlög hreppanna til elli- og örorkutrygginga móti framlagi annars staðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði viðkomandi hreppa vegna kostnaðar við framfærslu sameiginlegra styrkþega.

4. Um skiptingu eigna fer sem hér segir:
  - a. Núpasveitarskóli verði eign Presthólahrepps, en Raufarhafnar-skóli sameign beggja hreppanna í sama hlutfalli og tala skólaskyldra barna um áramót 1944—45 í Raufarhafnar-skólahverfi skiptist milli hinna nýju hreppa. Verðreikning skólahúsanna skal miða við framlög hins forna Presthólahrepps til hvors skólahúss. Verði breyting á Raufarhafnar-skólahverfi, þannig að sá hluti Presthólahrepps, sem nú á aðgang að þeim skóla hætti að nota hann, greiði Raufarhafnarhreppur Presthólahreppi sömu upphæð og hluti Presthólahrepps í Raufarhafnar-skóla er verðreiknaður við skiptin.
  - b. Húseign hreppsins, Skuggabjörg á Raufarhöfn, skal Raufarhafnarhreppur hafa rétt til að kaupa eftir nýju mati, sömuleiðis túneign hreppsins á Raufarhöfn.
  - c. Hafnarsjóður Raufarhafnar verði séreign Raufarhafnarhrepps.
  - d. Brunabótasjóður Presthólahrepps verði eign hins nýja Presthólahrepps, nema að þeim hluta, sem hús á Raufarhöfn voru tryggð í þeim sjóði.
5. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hvorum hreppi.
6. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1945, og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum.
7. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign hins nýja Presthólahrepps, en hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps skal hafa aðgang að þeim þegar hún þarfnast.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerðar og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gerð á hinum forna Presthólahreppi, sem dómpinghá né manntalsþinghá.

108  
10. júlí

## REGLUR

### um flokkun og mat á ópveginni ull.

#### 1. gr.

Ull, sem hæf er til sölu innanlands, flokkist þannig:

- I. flokkur: Hvít vorull, sand-, mor- og klepralaus, laus við mjög gult tog, greið, þurr og eðlisgóð.
- II. flokkur: Hvít vorull, sand-, mor- og klepralítil, sem að gæðum má ætla, að fullnægi kröfum um II. flokk eftir þvott.
- III. flokkur: Hvitir sand- og morlitlir og þelgóðir flókar.
- IV. flokkur: Mislit ull (svört, grá og mórauð), sand- og morlaus, greið, þurr og eðlisgóð, og sé litum haldið aðgreindum við sekkjun.
- V. flokkur: Úrgangur úr framangreindum ullarflokkum, sem að dómi ullarmatsmanns getur talizt söluhæf vara.

#### 2. gr.

Mjög sendin ull (t. d. þyngd sandsins meiri en ullarinnar) er ekki söluhæf, fyrr en hún hefur farið í gegnum tætarar og þannig losnað við mikið af sandinum.

Rúbaggareifi (tvi- eða þríreifingar) eru heldur ekki söluhæf ull, nema reifin séu aðskilin, og ræður þá úrskurður ullarmatsmanns. **108**  
10. júlí

Ull með kleprum, kláðauull og ull af fé, sem farizt hefur í dýjum, eða önnur slík ull, er ekki söluhæf og engin verzlunarvara.

Skemmd ull, fúin eða mygluð, eða því um líkt, er engin verzlunarvara og ekki söluhæf.

### 3. gr.

Ullarbolla með órveginni ull, skal auðkenna með orðinn „Órvegin“, auk flokksmerkisins.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 107/1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Afvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1944.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

**109**  
10. júlí

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tíma-  
bilið frá 1. ágúst 1944 til 31. júlí 1945.

### 1. Reykjavík:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 680.00
— — 7 — — —	570.00
— — 15 — — —	680.00
— — 16 — — —	340.00

### 2. Hafnarfjörður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 570.00
— — 7 — — —	465.00
— — 15 — — —	570.00
— — 16 — — —	285.00

### 3. Gullbringusýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 545.00
— — 7 — — —	440.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	275.00

### 4. Kjósarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 410.00
— — 7 — — —	335.00
— — 15 — — —	410.00
— — 16 — — —	205.00

### 5. Borgarfjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 370.00
— — 7 — — —	300.00
— — 15 — — —	370.00
— — 16 — — —	185.00

### 6. Akraneskaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 570.00
— — 7 — — —	465.00
— — 15 — — —	570.00
— — 16 — — —	285.00

### 7. Mýrasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 370.00
— — 7 — — —	300.00
— — 15 — — —	370.00
— — 16 — — —	185.00

### 8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 370.00
— — 7 — — —	300.00
— — 15 — — —	370.00
— — 16 — — —	185.00